

Ed.

349. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 14. júlí 1929, um loftferðir.

Frá allsherjarnefnd.

Í frv. eins og það var lagt fyrir Alþingi var gert ráð fyrir, að ríkisstjórninni yrði heimilað að skerða eða taka eignarnámi vegna loftferða lóðir og mannvirki, og jafnframt að ríkisstjórnin mætti leyfa sveitar- og sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, hið sama.

Nú hefur Nd. fellt úr frv. ákvæðin um skerðing eignarréttarins, en hins vegar er haldið óbreyttu því ákvæði, að nánari fyriræli um framkvæmd skerðingar eignarréttarins skuli sett með reglugerð. Það ákvæði á nú ekki lengur við, eftir að felld hefur verið niður heimildin til skerðingar, og þykir því rétt að fella það niður.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Þriðja efnismálgrein („Nánari fyriræli . . . með reglugerð“) falli burt.

Alþingi, 3. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.

Magnús Gíslason,
frsm.